

Matteusarguðspjall 19.3-15. Áherslur og samhengi.

Fjölskyldan, hjónaband, einlíf og skírlífi í frumkristni ¹

Inngangur

Hér verður fjallað um nokkur atriði er tengjast orðræðu Jesú í Matteusarguðspjalli 19.3-12, en þar er m.a. að finna texta sem nú er hluti af hjónavígsluritali þjóðkirkjunnar. Ljóst er þó að viðfangsefni textans er ekki einhver kirkjuleg vígsluathöfn enda varð textinn til löngu áður en kristin kirkja kom til sögunnar og löngu áður en hægt er að tala um hjónabandið sem stofnun í kristnum skilningi. En þrátt fyrir það er að finna í textanum ýmsar fullyrðingar um *eðli hjónabands* í samhengi *einlífis* eins og þær birtast í svari Jesú við þeirri spurningu faríseanna hvort skilja megi við konu sína fyrir hvaða sök sem er (19.3).

Fyrsta svar Jesú vísar til 1. Mósebókar 1.27 og 2.24: *Hafið þér eigi lesið að skaparinn gerði þau frá upphafi karl og konu (1. Mós. 1.27) (5) og sagði: Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og búa með konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður (1. Mós. 2.24) (6) Þannig eru þau ekki framar tvö heldur einn maður. Það sem Guð hefur saman tengt má maður eigi sundur skilja.* Við þessu svari Jesú leggja farísearnir aðra spurningu fyrir hann með tilvísun til lagaákvæða í 5. Mósebók (24.1,3) sem heimilaði karlmanni að skilja við konu sína. Þeirri athugasemd svarar Jesú á eftirfarandi hátt: *Móse leyfði yður að skilja við konur yðar vegna þverúðar yðar en frá upphafi var þetta eigi þannig* (9) Ég segi yður: *Sá sem skilur við konu sína nema sakir porneia og kvænist annarri drýgir hór.*

Á grundvelli tiltekins lesturs á 1. Mósebók 2.18-24, sem hefur róttæk áhrif á skilning annarra ákvæða í Móselögum um skilnað (v. 7), leggur Jesús enn ríkari áherslu á skilnaðarreglurnar með því að leggja bann við því að menn gangi aftur í hjónaband eftir skilnað (vv. 8-9). Við þessu síðara svari Jesú draga lærisveinar hans þá álykun að best væri að kvænast ekki (v. 10). Jesús játar því að afleiðingarnar af fræðslu hans geri ríkari kröfu til eftirfylgni en áður (v. 11). Síðan setur Jesús fram kjarnyrt spakmæli þar sem vísað er m.a. til manna er láta vana sig vegna himnaríkis.

¹ Stytttri útgáfa af þessari ritgerð var flutt sem erindi á menntadegi Prestafélags Íslands, 24. apríl, 2006.

Orðin um *geldinga himnaríkis* ýttu undir meinlætaliðnað í frumkristni og erfitt er að draga aðra ályktun en þá að í þeim felist gagnrýni á ríkjandi feðraveldi sem gerði ráð fyrir frjósemi karla og foreldrahlutverki sem hinu algilda viðmiði. Ef vísað er til einhverrar vígsluathafnar í 12. versinu þá er vísað til ritúalískrar vönnunar, sambærilegri þeirri sem átti sér stað við hirð Heródesar eða í trúarreglu hinnar *Miklu Móður*. Það er út af fyrir sig áhugavert að texti sem birtir gagnrýni á hjónabandið skuli vera hluti af nánasta samhengi þess texta sem margar helstu kristnu kirkjudeildir hafa notað sem hluta af hjónavígsluritali sínu.

Mt. 19.3-12: Skilnaður, hjónaband, hórdómur og skírlífi. Tilurða- og útgáfusaga

Til eru þrjár aðskildar og óháðar heimildir um að Jesús hafi tjáð sig um skilnað. Hér er um að ræða Markúsarguðspjall 10.2-9, Ræðuheimildina Q (Lúk. 16.18 // Matt. 5.32) og fyrra bréf Páls postula til Korintumanna (1. Kor. 7.10-11). Orðalag heimildanna er mismunandi. Lúkas, Markús og Páll geyma heimild um afgerandi bann við skilnaði;² Samkvæmt Matteusi var skilnaður vegna hórdóms (*porneia*) konunnar leyfilegur (bæði í Matt. 5.32 og 19.9). Matteus sleppir skírskotun Markúsar til þess möguleika að konan mætti skilja við manninn sinn (Mark. 10.12) en rómversk lög leyfðu bæði konum og körlum að sækja um skilnað. Matteusartextinn felur því í sér lög Júdeu sem leyfðu eingöngu körlum að sækja um skilnað. Þessar ólíku hefðir gefa til kynna að menn voru ósammála um það sem Jesús sagði eða hvernig túlka ætti orð hans.

Ég ætla ekki hér að tíunda öll þau smásmugulegu atriði er koma upp á borð nýjatestamentisfræðinga sem reyna af nákvæmni að aldursgreina þau orð sem sett eru í munn Jesú í guðspjallahefðum frumkristni. Þó er ekki úr vegi að nefna að í ljósi þeirra mælikvarða sem sérfræðingar styðjast við til að ákvarða „upprunaleg“ orð hins jarðneska Jesú efast margir um að yfirlýsingarnar um hjónabandið séu orð Jesú þótt þau birti hugsanlega hugmyndir hans; fleiri eru þó sammála um að líklega séu orðin um geldingana ósvikin orð Jesú.³ Ég mun ekki ræða þessi álitamál hér en mun þess í

² Samkvæmt *Musterisrullunni* (57.17-19) bönnuðu Essenar skilnað undantekningarlaust.

³ Sjá Clarence E. Glad, *Átökin um textann* (Reykjavík, 2004), bls. 44-50. Að mati ýmissa Nýja testamentisfræðinga sagði hinn jarðneski Jesú ekki það sem haft er eftir honum í Mark. 10.3; hann sagði heldur ekki það sem haft er eftir honum í Mark. 10.5-9, 10-12, Matt. 19.4-6 og Lúk. 16.18, þótt

stað fjalla um áherslur textans í útgáfu Matteusarguðspjalls í samanburði við ýmsar aðrar guðspjallahefðir og seinni tíma viðtökusögu orða Jesú um hjónaband og geldinga.

Spurning faríseanna um skilnaðarsök er lagalegs eðlis og birtir ólíka túlkun í hópi farísea af skóla Shammaí og Hillel. Lögmálið sjálf tók ekki afgerandi afstöðu til skilnaðar heldur vísaði til þess sem verðandi eiginmanni væri heimilt að gera, fyndi hann hjá konu sinni *eitthvað óviðurkvæmilegt* (5. Mós. 24.1). Líklega er vísað til meydómsmissis (framhjáhalds) konunnar því eitt þeirra hebresku orða sem notað er vísar oftast til kynfæra kvenna. Þannig skildu í það minnsta farísear af skóla Shammaí textann og takmörkuðu því skilnaðarsök við kynmök konunnar utan hjónabands. Hins vegar mætti skilja orðin víðari skilningi eins og LXX hafði gert með þýðingunni *aschemon praga*. Þannig skildu farísear af skóla Hillel textann og gerðu skilnaðarsakir mun fleiri. Jesús var beðinn um að taka afstöðu í þessu deilumáli faríseanna og lætur Matteus Jesú vera sammála afstöðu rabbínans Shammaí að því er virðist.

Jesú svarar reyndar ekki spurningunni beint heldur beinir hann athyglinni að öðru ákvæði Tórunnar, þ.e. sköpunarfrásögunni í upphafi 1. Mósebókar. Með því að styðjast við fyrri sköpunarsöguna færði Jesús rök fyrir því að kvenmaðurinn væri jafn mikill *maður* og karlmaðurinn eða jafn mennsk vera og hann. Með skírskotun til seinni sköpunarsögunnar hélt Jesús því jafnframt fram að karl og kona yrðu *einn maður* í hjónabandi eða *eitt hold* eins og segir í gríska textanum.

Félagsgerð hins forna Ísraels gerði ekki ráð fyrir jafnræði kynjanna eða fullkominni einingu karls og konu í hjónabandinu. Staða konunnar var ávallt síðri. Réttur karlsins til að skilja við konu sína sýndi þetta en hann gerði í reynd að engu meint jafnræði karla og kvenna í upphaflegri sköpun Guðs. Skilnaður gat þar af leiðandi ekki verið hluti af upphaflegri skikkann skaparans heldur eingöngu verið möguleiki sem Móse gaf færi á vegna *þverúðar* karlmanna. Kjarninn í svari Jesú hér er sá að vilja Guðs sem upphaflega birtist í sköpuninni gætu síðari tíma lagaákvæði ekki breytt, jafnvel þótt þau hefðu verið kynnt til sögunnar af Móse.⁴ Að þessu leytnu til gerði Jesús skilnaðarlög Móse að engu með vísan í sköpunarsögurnar.

hugmyndirnar birti viðhorf hans. Jesús sagði ekki það sem haft er eftir honum í Matt. 5.31-32 og 19.8-9 en sagði lílega það sem haft er eftir honum í Matt. 19.11-12.

⁴ Páll postuli notaði sömu röksemdafærsluna þegar hann færði rök fyrir því að fyrirheitið til Abrahams væri æðraen (sérhvert ákvæði í) Tóra (Gal. 3.17).

Þetta hafði afdrifaríkar afleiðingar, sér í lagi vegna þess að Jesús setti fram all röttæka endurskilgreiningu á hórdómi í þessu sambandi: „Ég segi yður: Sá sem skilur við konu sína nema vegna *porneia* og kvænist annarri drýgir hór“ (*moixeia*) (19.9). Ýmsir hafa talið að með orðinu *porneia* sé hér verið að vísa til framhjáhalds konunnar. En í því tilviki hefði orðið *moicheia* líkega verið notað. Sennilegra er að *porneia* vísi til lagaákvæðisins í Tórunni sem heimilaði karli að hafna konu sem á brúðkaupsnóttinni gat ekki sýnt fram á að vera hrein mey (5. Mós. 22.13-21). Slík brúðarmey var sökuð um að hafa *leikið hlutverk skækjunnar* (*ekporneuo*, LXX) í húsi föður síns. Ef brúðurin var ekki hrein mey kom hjónaband ekki til greina og tók Jesús undir það sjónarmið.

Í framhaldi af því endurskilgreindi Jesús *hórdóm* – *moixeia* er hann segir að skilji karlmaður vegna einhverrar annarrar ástæðu en *porneia* og kvænist aftur drýgi *hann sjálfur* hór. Oftast var orðið *moixeia* notað um kynmök karlmanns með annarri konu en eiginkonu sinni, að *drýgja hór* var venjulega skilgreint út frá stöðu konunnar sem eign karlsins. Nú var ábyrgðin sett á herðar karlmannsins og samband hans við nýju konuna skilgreint sem *hórdómur* ef hann hafði leyft sér að skilja við þá fyrri af einhverjum öðrum ástæðum en *porneia*. Með þessari athugasemd gerði Jesús karlmanninum erfiðara um vik að skilja við konu; jafnvel mætti segja að hann hafi með þessu gefið konunni rétt til að gera ríkari kröfu til manns síns.

Hér er mikilvægt að hafa í huga ólíkar hefðir innan Mósebókanna. Sáttmálsbókin í 2. Mós. 20.22-23.33 birtir eldri ákvæði þar sem sjá má m.a. áhrif frá Codex Hammúrabí. ar gilda augljóslega eignarréttarákvæði karla gagnvart konum. Í yngri hefðum, s.s. 5. Mós. 22-26, birtast hefðir er virðast vera verja rétt konunnar í ljósi misnotkunar karla. Ef þessi vörn fyrir félagslegri afkomu kvenna hafi í reynd verið til staðar þrengdi það möguleika karla að líta á konur sem afgangsstærð. Áhrif 5. Mósebókar höfðu farið þverrandi á hellenískri tíð og má líta á tilburði Matteusar sem tilraun til að draga fram mikilvægi þeirrar bókar á nýjan leik.

Hugmyndin um hjónaband sem ævarandi einingu holdsins liggur til grundvallar annarri fullyrðingu í guðspjallinu um skilnað sem kemur fyrir í Fjallræðunni. Sú fullyrðing hefur þó ekki jafn víðtæka skírskotun eins og hin síðari þar sem hún gefur eingöngu í skyn að maðurinn hafi ævarandi kröfu til eiginkonu sinnar. Í andstöðu við skilnaðarlög Tórunnar (Matt 5.31: „Þá var og sagt: Sá sem skilur við konu sína skal gefa henni skilnaðarbréf“) sagði Jesús: Matt 5.32: „En ég segi yður: Hver sem skilur

við konu sína nema fyrir hórsök - *porneia* - verður til þess að hún drýgir hór. Og sá sem gengur að eiga fráskilda konu drýgir hór.“ Hér sem fyrr ógilti *porneia* hið upprunalega hjónaband. Skilnaður af öðrum ástæðum leiddi, í ljósi hins nýja skilnings, óhjákvæmlega til hórdóms þar sem konan sem hafnað var myndi að öllu óbreyttu giftast aftur ef hún hefði kost á því.

Áhrif orða Jesú verða ljós af ályktun lærisveinanna: “Fyrst svo er háttað (lagalegri) stöðu karls gagnvart konu, þá er ekki vænlegt að kvænast” (19.10). Í túlkun Jesú glatar karlmaðurinn í reynd bæði frelsi sínu til að skilja við konu sína sem og æðstu stöðu sinni á heimili stórfjölskyldunnar! Völd hans skertust til muna. Það sem við fyrstu sýn virðast vera yfirlýsingar um siðferði kynferðisins reynast vera yfirlýsingar sem gerðu í reynd að engu þá stigveldisstofnun sem nefnd var *fjölskylda*. Skilnaðarbannið og endurskilgreiningin á hórdómi þýddu í reynd að dregið var úr fýsileika hjónabandsins þótt frá nútíðarsjónarhorni mætti ætla annað. Það er í þessu ljósi sem mikilvægi orða Jesú um geldingana í þessu samhengi verður skiljanlegra.⁵

Nútíma túlkanir og viðtökur á orðum Jesú um geldinga

Hvað orðin um geldingana áhrærir hafa margir talið að í upprunalegum aðstæðum hins jarðneska Jesú - *Sitz-im-Leben Jesu* - séu þessi orð andsvar við háðsglósom um Jesú og lærisveina hans sem ókvænta menn. Þessar háðsglósur birti neikvæð viðhorf til geldinga og séu tilraunir til að varpa rýrð á einlífi Jesú og lærisveina hans. Háðsglósunni - hann er eins og geldingur - ásamt öðrum sambærilegum,⁶ var ætlað að draga fram þá staðreynd að Jesús og lærisveinarnir gengu gegn samfélagslegum væntingum og í reynd þeirri samfélagslegu kröfu til karlsins að kvænast og eignast börn. Andsvar Jesú gerir hið ámælisverða að því sem eftirsóknanvert er.

Aðrir lesa orð Jesú í samhengi guðspjallsins sjálfs - *Sitz-im-Leben Evangelium* - og túlka orðin um geldinga sem útfærslu á orðunum um skilnað. Hér birtast orðin sem

⁵ Í umfjölluninni minni hef ég stuðst við J. David Hester, “Eunuchs and the Postgender Jesus: Matthew 19.12 and Transgressive Sexualities,” *JSNT* 28.1 (2005), 13-40, en hef einnig tekið mið af ýmsum öðrum sérfræðirannsóknum sem vísað er til í neðanmálsgreinum.

⁶ Mark. 2.8, hann fastar ekki; Mark 2.23, hann brýtur löginn um hvíldardaginn; Mark. 7.5, hann brýtur hreinleikareglur varandi máltíðir; Matt. 11.19, hann er mathákur og drykkjumaður; Jóh. 8.48, hann er Samverji og andsetinn.

fræðsla um að helga sig algjörlega einlífi og skírlífi, eitthvað sem sumir geta og aðrir ekki. Innan þessarar túlkunarhefðar er litið á orðin um geldingana á ólíkan hátt. Þau (i) hvetja menn til að hafna hjónabandi eftir skilnað;⁷ eða (ii) benda á að skírlífi er eins og hjónaband mögulegur lífsstíll sem helgað andsvar við kröfum himnaríkisins; eða (iii) gagnrýna eða jafnvel hafna hjónabandinu og hefðbundnum fjölskyldu- og ættarvenslum.

Allir ofangreindir túlkunarmöguleikar gera þannig ráð fyrir því að geldingurinn sé einstaklingur sem hafi algjörlega hafnað eða geti ekki stundað kynlíf. Hér er líffræðilegt getuleysi til að geta börn sett að jöfnu við líffræðilegt getuleysi til að stunda kynlíf. En þótt geldingar geta ekki getið börn eru þeir ekki þar með getulausir! Í hinu grísk-rómverska samfélagi voru geldingar nefnilega alls ekki taldir lifa skírlífi; þvert á móti voru þeir þekktir fyrir það hversu oft og auðveldlega þeir tóku þátt í kynlífsathöfnum með bæði körlum og konum.

Við vitum að geldingar í hinum forna heimi gengdu hlutverki milligöngumanna innan stjórnkerfis einvalda í Persíu, Assýríu, Grikklandi, Rómaveldi og Býzantíum. Þeir voru milligöngumenn milli stjórnsýslunnar og alþýðunnar, milli fjölskyldu einvaldsins og aristókratíunnar, milli hins opinbera rýmis karla og einkarýmis kvenna, milli stjórnmalastofnana og trúarlegra stofnana. En þótt geldingar væru mikils metnir í þessu pólitíska samhengi voru þeir almennt fordæmdir einmitt vegna kyngervisstöðu sinnar. Litið var á þá sem siðferðislega ámælisverða, jafnvel lausláta. Í ljósi hins fallósentrískra kyngervis var dygðugt líferni fólgið í lífi karlmennskunnar. Þótt alþýðuheimspekingar og læknar við upphaf okkar tímatala væru farnir að gagnrýna hegðun karla með því að krefjast þess að þeir settu skorður á of mikla og sýnilega tjáningu yfirburðar síns (s.s. of mikið ofbeldi og of mikið kynlíf) þá var utanálíggjandi getnaðarlimur og eistu ófrávíkjanlegt skilyrði (*sine qua non*) siðgæðis og dyggðugs lífernis.

Það var einmitt sú staðreynd að geldingar höfðu glatað kyngervisstöðu sinni sem olli viðbjóði „eðlilegra“ karlanna. Geldingar voru ógn við hið fallósentrískra feðraveldi þar sem þeir birtu í líkama sínum það sem menn voru hræddastir við að glata. Sú ógn að glata karlmennsku sinni var stöðug og áberandi í heimi hins forna

⁷ Eina elstu túlkun á þessum texta er að finna hjá Jústínusi píslarvotti er túlkaði hann sem bann við því að giftast aftur eftir skilnað. Sjá *Trívörn* I.15.

kyngervis sem leit á karlmenn og konur sem tvo póla öfganna á milli hins eina kyns, þ.e. karlkynsins! Læknisfræðileg rit frá hinum klassíska tíma Aþenuborgar til Byzantíum skildu kynlífsformgerðina í fallískum hugtökum. Getnaðarlimir karla voru utan á þeim af ýmsum ástæðum; limir kvenna voru innvortis. Bæði karlmenn og konur höfðu eistu; bæði karlmenn og konur höfðu sæði. Hið eina sem skildi að karla og konur í ljósi þessarar læknisfræðilegu þælinga var munur á hita- og rakastigi líkama þeirra.⁸

Karlmönnum stóð alltaf ógn af því að verða mjúkir vegna þess sem þeir gerðu, s.s. að baða sig of oft, stunda of mikið kynlíf, klæða sig ekki rétt eða taka þátt í kvenlegum athöfnum. Karlmenn reyndu að móta leiðir til að tryggja og efla karlmennsku sín. Í ljósi þessa voru geldingar hin mesta ógn; þeir höfðu hafnað karlmennsku sinni. Í andstöðu við karlmenn voru þeir „mjúkir“, þeir nutu og ýttu undir kynlífsnautnir, voru undirgefni og komið var upp á þá og inn í þá. Þessi atriði áttu aðallega við um konur og þræla (af báðum kynjum) og voru geldingar, eins og þau, *infamia*, þ.e. höfðu lítil sem engin lagaleg réttindi. Geldingar voru frávík frá öllu því sem talið var eðlilegt, þeir ollu usla í eðlilegum kyngervishlutverkum þar sem þeir gátu tekið á sig eiginleika bæði karls og konu, líkamlega, kynferðislega, félagslega og menningarlega.

⁸ Thomas Laqueur (*Making Sex: Body and Gender from the Greeks to Freud*. Cambridge: Harvard University Press, 1990) hefur nýtt sér þessa umræðu og fært rök fyrir því að “kyn(ferði)” til forna hafi verið fljótandi samfella kvenlegra og karllegra kyngerva (*genders*) fremur en tvö aðskilin hugtök tveggja aðskildra líffræðilegra kynja (biological *sexes*). Það sem skipti máli voru kyngervishlutverk og félagslegt stigveldi (þeirra). Þótt Laqueur hafi verið gagnrýndur fyrir smættarhyggju (Sjá Helen King, “Reading the Female Body,” *Gender & History* 9 (1997), 621; og Amy Richlin, “Towards a History of Body History,” í Mark Golden & Peter Toohey (ritstj.), *Inventing Ancient Culture: Historicism, Periodization, and the Ancient World* (London & New York: Routledge, 29) þá dregur “eins kynja / kyns líkan” hans fram þann sveigjanleika sem var á milli karllegra og kvenlegra formgerða í retórik og líffærafræði þess tíma sem notaði hugtökin karllegur og kvenlegur óháð líffræðilegu kyni viðkomandi (Sjá Maud Gleason, *Making Men*. Princeton: Princeton University Press, 1995). Slíkt hjálpar okkar að skilja kristna meinlætaliðarmenn sem hvöttu konur til að nota líkamlegar æfingar, s.s. föstur, eða breyta ásýnd og útliti sínu til þess að verða karlmannlegri eða að verða karlmenn (Sjá Teresa M. Shaw, *The Burden of the Flesh: Fasting and Sexuality in Early Christianity*. Minneapolis, Minn.: Fortress Press, 1998), 220-53). Mat á mikilvægi hita og kulda, hinu karllegra og hinu kvenlega, studdi kyngervisstigveldi og undirgefni og kúgun kvenna.

Geldingar voru nefndir mörgum nöfnum á grísku og latínu. Fjölbreytileikann má rekja til ólíkra aðferða sem notaðar voru til að gelda menn og ólíkar afleiðingar vönunar eftir því hvort hún átti sér stað fyrir eða eftir kynþroskaaldur. Í kynlífi voru geldingar óvirkir móttakendur og þiggjendur karlmannsgerenda; en þeir veittu líka þeim konum ánægju sem þeir voru í þjónustu hjá. Þeir gátu stundað endaparmsmök og munnmök sem og örvað sníp kvenna og gátu jafnvel (að því er menn töldu) komið inn í aðra (þetta átti sér í lagi við um þá sem vanaðir voru eftir kynþroskaaldur því vísbendingar eru um að talið var að geldingi gæti staðið þrátt fyrir vönunina). Dæmi eru um að konur töldu geldinga eftirsóknarverða, jafnvel sem maka, þar sem þær gátu notið kynlífs án þess að eiga á hættu að verða óléttar.⁹

Í grísk-rómversku samfélagi voru geldingar því ekki skírlífir menn heldur virkir í kynlífi! En kynusli þeirra leiddi til þess að þeir voru á skjön við hefðbundna kyngervismælikvarða. Í ljósi þessa þarf að skýra sérstaklega þá túlkun sem lítur á geldingana í Matt. 19.10-12 sem tákni um kynfyrðislega skírlífa menn en sú túlkun er algeng meðal nútíma ritskýrenda og á sér langa sögu.

Útgáfusaga og áhersla Matteusarguðspjalls

Útgáfusaga textans gefur innsýn í eina mögulega túlkun á orðum Jesú. Orðin um geldingana er að finna í kafla er inniheldur fræðslu sem efla á siðferði eftirfylgdarinnar. Burtséð frá því hvernig við skiljum v. 12 er ljóst að Matteus setur orðin í samhengi sem fjalla um skilnað, hjónaband og skuldbindingar vegna fjöldskyldu- og ættartengsla. Það setur ramma um túlkunarmöguleikana: Geldingurinn er í andstöðu við tímgun og hjónaband. Þótt við höfum engan samanburðartexta úr kanónískum heimildum er ljóst að í gyðinglegu samhengi var geldingurinn hneyksli.

Hægt er að afmarka tvö hópa geldinga í gyðinglegum hefðum, annars vegar *saris/sarisim* sem höfðu borgaralegar skyldur gagnvart drottingunni¹⁰ og hins vegar hóp geldinga sem voru ekki tengdir drotningunni en þó opinberir þjónar krúnunnar. Mósebækurnar bregðast við nærveru geldinga í trúarlegu samhengi Ísraelsmanna og

⁹ Hester, "Eunuchs and the Postgender Jesus: Matthew 19.12 and Transgressive Sexualities," *JSNT* 28.1 (2005), 21-22.

¹⁰ Tilvist þeirra sést fyrst undir stjórn Jehú og Jezebel (2. Kon. 9) og sjá má að þeir voru til allt til falls Júdeu ef ekki lengur (Jer. 29.2; 41.16; 2. Kon. 24.15).

útiloka þá frá þátttöku í prestsembættinu og gera þá jafnvel brottræka úr samfélaginu.¹¹ Ástæðan var ekki eingöngu trúarlegs eðlis heldur byggði hún á þeirri ógn sem karlmenskunni og hefðbundnum kyngervishlutverkum stóð af geldingum.¹² Gyðinglegir ritskýrendur á 1. öld okkar tímatala drógu einmitt athyglina að tengslum banns 3. Mós. við vörun og samræði karlmannna við missi á þeirri sæmd sem falið var í stöðu karlmansins og í reynd karlmenskunni sjálfri.¹³

Í ljósi fordæmingarinnar á geldingum innan gyðinglegra siðferðihefða er yfirlýsingin um geldinga himnaríkisins í Matt. 19.10-12 mjög róttæk. Hugsanlega var yfirlýsingunni ætlað að undirstrika að konungsríki Jesú væri öflugt mótvægi við ríki Heródesar en við höfum heimildir fyrir því að geldingar hafi verið við hirð hans.¹⁴ Að minnsta kosti eru geldingar og börn, en ekki feður táknmyndir guðsríkisins í 19. kafla Matteusar.

Áhrifasaga Matt. 19.3-12: Kristin vöunar- og geldingsrítúöl

En hvaða hlutverki gengdu orðin um geldinga handan útgáfusögu Matteusar? Svarið er að finna í umfjöllun kirkjufedeðranna sem hún bendir til að nærtækasta samanburðarefni orðanna sé að finna í trúarlegri og ritúalskri geldingu í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs við upphaf okkar tímatala. Í frumkristni efaðist enginn um að orðin í Matteusi væru „ósvikin“ orð Jesús og að hann hafi kallað á fylgjendur sína að sýna vilja sinn í verki, að fylgja honum í reynd með því að herma eftir vöunarrítúali sem þekkt var til dæmis meðal fylgjenda hinnar *Miklu Móður* (Magna Mater / Kýbele-Attis).

¹¹ 3. Mós. 21.20 útilokar geldinga frá þátttöku í prestsembættinu; 5. Mós. 23.1 gerir geldinga brottræka úr samfélaginu.

¹² Þetta er ástæðan fyrir því að 3. Mós. 18.22 og 20.13 einblínir á gjörðina *að liggja með manni eins og kona væri* þegar fjallað er um viðurstyggðina.

¹³ Eins og t.a.m. Fílon þar sem hann fjallar um 5. Mós. 23.1 og 3. Mós. 18.22 og 20.13 (Sjá *De specialibus legibus* I.324-25; 3.37-42). Þegar Fílon nefnir barnaníðingshátt og fordæmir þolandann í því sambandi kemur hann eðlilega að geldingum sem vilja verða eins og konur.

¹⁴ Jósef segir frá því að geldingar hafi verið við hirð Heródesar (JA 16.8.1).

Meðal hinna kristnu voru margir áhrifamenn sem skildu orð Jesú bókstaflega¹⁵ og nokkrir meinlætalifnaðarhópar, aðallega í Egyptalandi, voru þekkir fyrir að hafa fylgjendur sem höfðu látið vana sig. Við vitum að kristið vöunarrítúal var við lýði um aldir m.a. innan hinna miklu meinlætalifnaðarhreyfinga á 3. og 4. öld e.Kr. Þessar hreyfingar lögðu grunninn að seinni tíma munk- og nunnureglum er lögðu áherslu á skírlífi.¹⁶ Kirkjuþingið í Níkeu árið 325 e.Kr. bannaði vöun (Kanon 1); það sýnir að þá var siðurinn útbreiddur en umdeildur. Geldingar héldu áfram að hafa áhrif innan rómverska stjórnkerfisins, jafnvel þótt rómversk lög höfðu verið sett er bönnuðu vöun í hinu rómverska heimsveldi.¹⁷ Geldingar höfðu því áhrif innan bæði ríkis og kirkju.¹⁸

Vegna þess hversu augljós merking orða Jesú var þurftu þeir sem vildu draga úr áhuga manna á bókstaflegri vöun að leggja mikið á sig til að yfirfæra merkingu orðanna, sem ákall um meinlætalifnað og skírlífi (hjartans). Í þessari túlkun varð geldingurinn í Matt. 19.12 tákn andlegs meinlætalifnaðar; tákn um yfirburðastöðu hins karlmannlega meinlætalifnaðarmanns. Hér drógu kristnir menn á rit alþýðuheimspekinga og lækna sem töldu að skírlífi tryggði karlmenskuna. Ögun meinlætalifnaðarins stuðlaði að sjálfstjórn.¹⁹ Kynlíf var karlmönnum ógn, þar sem sæðið sem fól í sér kjarna karlmenskunnar varð að froðu við örfun blóðsins. Allir læknar frá og með 2. öld e.Kr. voru sammála um að of mikið kynlíf leiddi til þess að menn glötuðu hinum lífgefandi kjarna karlmenskunnar. Að hafa stjórn á kynhvöt sinni var lykillinn að varðveislu karlmenskunnar, ekki vöun. Síðari kosturinn leiddi í reynd til þess að maðurinn glataði karlmenskuna sinni og valdastöðu, bæði félagslega og líffræðilega. Í stað bókstaflegrar vöunar átti að koma vöun í yfirfærðri merkingu.

¹⁵ Svo sem Valentínus, Júlíus Kassíanus, Basilídes, Leontíos frá Antiokkíu, Melíto „Geldingur“, Hilarion, Markaríus og Orígenes.

¹⁶ Elsta tilvitnunin til geldinga í kristnum ritum er að finna í Post. 8.27 sem fjallar um afturhvarf geldings nokkur frá Eþíópíu (a)nh(r) Ai)qi/oy eu)nou=xov). Elsta heimildin fyrir áhuga kristinna manna á vöun er að finna í ritum Justínusar píslarvotts (*Trívörn* 1.29). Vöun var framkvæmd í klaustrum í Egyptalandi og á Sýrlandi og koptísk klaustur héldu áfram að vana menn inn í hið íslamska tímabil.

¹⁷ Frá dögum Domítíanusar (81-96 e.Kr.), Nerva (96-98 e.Kr.), Hadríanusar (117-38 e.Kr.) og Kanstantínusar (306-337 e.Kr.).

¹⁸ Gott dæmi eru deilur Aríanusar. Sjá Aþanasíus, *Histoira Arianorum* 35-38.

¹⁹ D. Hunter, “The Language of Desire: Clement of Alexandria’s Transformation of Ascetic Discourse,” *Semeia* 57/1 (1992), 94-111; Rousselle, Aline, *Porneia: On Desire and the Body in Antiquity* (Oxford: Basil Blackwell, 1988).

Til sögunnar kom í fyrsta skipti hið mótsagnakennda orðasamband, *hinn karlmannlegi geldingur!*

Sjá má merki um þessa allegórísku túlkun meðal Alexandríumanna, s.s. Klemensar og Orígenesar, sem styðjast við rit Fílons í þessu sambandi.²⁰ Jafnvel Orígenes sem hafði sjálfur látið vana sig túlkaði textann í Matteusarguðspjalli í yfirfærðri merkingu; hinn *sanni* geldingur er ekki sá sem eyðir möguleikanum á að stunda kynlíf heldur sá sem eyðir lönguninni í kynlíf. Áhrif Klemensar og Orígenesar voru mikil í Austurkirkjunni; nefna má áhrif þeirra á Gregoríus Nazianzos, Epifaníus, Evsebíos, Aþanasíus og Jóhannes Gulltungu. Í ljósi hugmynda þeirra um jafnvel erfiðari andlegan meinlætifnað (*askesis*) og í ljósi bannsins við vönu og vegna menntunar sinnar settu þeir fram túlkun á orðum Jesú sem var í andstöðu við augljósa merkingu textans sem margir skildu bókstaflega. Kristnir menn, sérstaklega fyrir áhrif Epifaníusar, fóru nú að kalla þá kristnu menn sem létu gelda sig *aðskilnaðarsinna*.²¹

Mælikvarðar handan kyngervis í himnaríki

Þegar geldingurinn hvarf úr sögu Evrópu hvarf hann einnig úr Biblíunni sjálfri.²²

Burtséð frá því hvernig við skiljum persónu geldingsins . . .

- sem útskúfaða persónu úr samfélagi heilagra í fornum gyðinglegum hefðum (sbr. 5. Mósebók).

- sem þann er brýtur kúltíska hreinleika er byggir á forréttindum karlmannna og skýrum greinarmun á karl-og kvenhlutverkum (gyðinglegir mórallistar á 1. öld e.Kr.).

- sem afskræmdan karlmann á mærum hefðbundins kyngervis sem þjáist af öllum hefðbundnum kvenlegum sjúkdómum (alþýðuheimspekingar, læknar og kristnir trúvarnarmenn).

- sem myndhverft ták meinlætifnaðar - *askesis* - er hafnar kynlífi og skuldbindingum fjölskyldu og ættar eins og Matteus gefur til kynna sem og kristnir trúvarnarmenn á síðari tímum.

²⁰ Fílon, *De specialibus legibus* I.325; 5. Mós. 23

²¹ Varðandi þetta hugtak sjá Clarence E. Glad, *Átökin um textann* (Reykjavík, 2004), 74-75, 77-88.

²² Íslenska þýðingin (1981, 2005) felur þá staðreynd að verið sé að fjalla um *geldinga* í Matt. 19.10-12. Þetta á einnig við um Post. 8.27. Sjá neðanmálsgrein 16, hér að framan.

. . . þá er ljóst að orð Jesú draga í efa forréttindastöðu þess sjálfsskilnings sem byggir á hinu kynjaða póllíkani karlmaður/kvenmaður. Geldingurinn sem líkamleg og félagsleg stærð veldur usla í hefðbundinni túlkun gagnkynhneigðarhyggjunnar. Geldingurinn fer út fyrir þau helgu mæri sem eru eða ættu að vera milli karlmannna og kvenmanna. Geldingurinn fer út fyrir líkan hinnar karl/kven-kynjuðu póllhyggju. Hann er hvorki karl né kona og er á skjön við væntingar manna til kynlífssambanda sem byggjast á sambandi þeirra. Í persónu geldingsins er himnaríkið í reynd handan við andstæðuparið *karl og kona*.

Þeir sem telja að Biblían fordæmi breytni samkynhneigðra hafa grundvallað rök sín með vísun til líffræðilegra þátta: Samræði fólks af sama kyni brýtur gegn hinu líffærafræðilega og persónulega sambandi karls og konu sem *uppfylla* hvort annað. Þetta viðhorf endurspeglar túlkun sem byggist á sköpunarguðfræði er lítur á *karl* og *konu* sem guðlega ákvarðaða formgerð ólíkra kynvera sem uppfylli hvort annað í ljósi ólíkrar líffærafræði í tengslum við æxlunarhlutverk sín. Einu möguleikarnir eru karlkyns og kvenkyns.²³

Hvar á geldingurinn heima innan þessarar sköpunarguðfræði? Jú, hann er á skjön við hana og getur í reynd ekki tekið þátt í henni. Geldingar voru einir fárra einstaklinga í hinum forna heimi sem höfðu engin fjölskyldutengsl.²⁴ Sem táknmynd skírlífis hafna þeir athöfn sem er kjarni hinnar kynjuðu póllhyggju tvenndarparsins karl/kona. Í Matteusarguðspjalli er geldingurinn sem táknmynd himnaríkis fram settur sem ögrun við hina kynjuðu póllhyggju og meintan tilgang hjónabandsins. Reyndar er að finna fleiri slíkar ögranir, svo sem í deilum Jesú við Saddúkea²⁵ og í skírnarformúlunni í Gal. 3.28.²⁶ Þessar ögranir draga úr þeim grundvallarmun sem

²³ Bann 3. Mós. við samræði karla ber að skilja í ljósi þessara kynformgerða; hið sama á við um fordæmingu bæði 3. og 5. Mósebóka á geldingum. Það er í ljósi flokkunar manna í tvö og aðeins tvö *kyn* sem grunnur er lagður að því að hægt sé að fordæma samræði fólks af sama kyni sem „ónáttúrulega.“

²⁴ Saga þeirra í tengslum við karlmennskuímyndir Vesturlanda er áhugaverð: Sjá G. Taylor, *Castration: An Abbreviated History of Western Manhood* (New York: Routledge, 2000).

²⁵ Mark. 12.18-27; Matt. 22.23-33; Lúk. 20.27-39. Sjá Mark. 12.25, „Þegar menn rísa upp frá dauðum, kvænast þeir hvorki né giftast. Þeir eru sem englar á himnum.“

²⁶ Gal. 3.26-28 (2005): „Með því að trúá á Krist Jesú eruð þér öll Guðs börn. Þér öll, sem eruð skírð til samfélags við Krist, hafið íklæðst Kristi. Hér er enginn Gyðingur né annarrar þjóðar maður, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þér eruð öll eitt í Kristi Jesú.“

talinn var ríkjandi milli karla og kvenna. Ýjað er að því að sá munur muni í raun hverfa að lokum.

Textar sem sýna kirkjuna sem brúði Krists (2. Kor. 11.2), sem sýna karlmanninn sem höfuð konunnar (1. Kor. 11.2-16), sem nota siðferðileg rök varðandi hjónabandið og skilnaðarreglur innan hinna pálínsku hefða (1. Kor. 7.1-16, 25-40; 1. Tím. 3.3-7; Títus 2.4-5), og hvatningu innan trúfræðslunnar sem takmarkar hlutverk konunnar innan safnaðanna (1. Kor. 14.33-36; 1. Tím. 2.11-15; 5.3-16; 2.Tím. 2.3-5), eru allt áhrifamiklir textar sem draga skýr mörk milli heims karla og kvenna. Þeir byggjast á líkani pólhbyggjunnar sem persóna geldingsins hafnar en sem fyrr segir hafa ýmsar kanónskar hefðir ígrundað mikilvægi og afleiðingar þeirrar höfnunar.

Þótt útgáfusaga og viðbætur Matteusar í 19.11 og 12d gefi ritskýrendum færi á að benda á að tileinkun orða Jesú sé valfrjáls og ekki öllum möguleg²⁷ þá verður ekki framhjá því litið að persóna geldingsins stendur í röklegu samhengi sem hafnar hinni *náttúrulegu* kynjuðu pólhbyggju karls og konu sem afgerandi raungervingu kristinnar persónumyndar. Geldingurinn og þær hefðir í frumkristni sem aðhylltust lífsstíl meinlætaliðnaðar hafna þessu *normi*. Í ljósi orða Jesú í vv. 4-6 um hjónaband karls og konu sem helga og ófrávíkjanlega guðlega stofnun frá upphafi sköpunar er afar ögrandi að Jesú skuli hafa sett fram geldinginn sem kjörmynd í vv. 11-12 sem brýtur í bága við þá skikkan skaparans!

Fjölskyldan og hjónabandið

Í þessu ljósi ber jafnframt að minnst neikvæðra umsagna Jesú um fjölskylduna sem var félagsleg undirstöðueining í hinu forna Ísrael. Þar sem þátttaka í hinum útvalda lýð var tryggð í gegnum arf, var fjölskyldan sú félagslega eining sem tryggði stöðugleika þjóðarinnar. Prestsþjónustan og hinn væntanlegi messías af ætt Davíðs

²⁷ Oft er réttmæti þessar túlkunar áréttað með vísun til 1. Kor. 7. En ýmis vandkvæði eru þó á þessari túlkun: 1) Hún krefs þess að orðasambandið *þessi fræðsla* (ton logon touton) í v. 11 vísi til næsta vers á eftir en ekki til orðanna sem leiddu til fyrirspurnar lærisveinanna í v. 10 („Þessi fræðsla er ekki á allra færi að skilja, heldur þeirra einna, sem það er gefið“). 2) Það myndi þýða að öll fræðslan um skilnað væri ekki bindandi þar sem v. 12d vísaði til baka til v. 11 sem vísar aftur til baka í vv. 3-9. 3) Að gefa í skyn að sú fræðsla væri ekki bindandi er á skjön við auknar kröfur til fylgjenda Jesú sem Matteus leggur áherslu á innan samhengisins. 4) Að tengja orðin við rök Páls í 1. Kor. 7 styðst við hina röngu mynd af geldingum sem skírlífum mönnum.

voru einnig skilgreind innan fjölskyldunnar og því arfgeng. Ekkert annað gildi var miðlægara á þessum menningarsvæðum en það að karlmönnum bar að tryggja velferð fjölskyldunnar. Ef litið er til guðspjallahefða fornkirkjunnar er ljóst að þær draga verulega úr vægi fjölskyldunnar. Þetta sést ekki aðeins í beinum staðhæfingum um fjölskylduna heldur einnig í umsögnum um konur, skilnað og hórdóm. Þótt sérhvert guðspjall hafi sína eigin útgáfu af því sem Jesús sagði er ljóst að þau eru öll samstíga í hinu róttæka endurmati á ríkjandi viðhorfum til fjölskyldunnar.

Í sínu gyðinglega samhengi hljóta neikvæðar umsagnir Jesú um fjölskylduna að hafa stuðað áheyrendur. Svo dæmi sé tekið hafði tryggð manna við fjölskyldu sína, jafnvel sú virðing er auðsýna skyldi foreldrum samkvæmt boðorðunum tíu, ekkert vægi í samanburði við kall Jesú um eftirfylgni.²⁸ Svo er að sjá sem krafan um eftirfylgni hafi í reynd þýtt að menn urðu að skera á fjölskyldubönd sín. Jesús sagði við einn fylgjenda sinna að hann ætti að gefa eignir sínar fátækum en ekki öðrum fjölskyldumeðlimum (Matt. 19.21). Þetta var í andstöðu við samtíðargildi og viðhorf ýmissa samtíðarhópa Gyðinga.²⁹ Slík breytni leiddi eðlilega til andúðar annarra fjölskyldumeðlima (Matt. 10.21).

Jesús benti þannig fylgjendum sínum á að eftirfylgn þeirra myndi leiða til sundrunar innan fjölskyldunnar.³⁰ Reyndar vekur furðu að markmið með starfi Jesú er sagt vera að koma á upplausn innan fjölskyldunnar (Matt. 10.34-36). Hegðun Jesú sjálfs birtir einnig þessa andstöðu við ríkjandi gildi um fjölskylduna (Matt. 8.19-20; 12.46-50; 13.53-58). Ekkert er slegið úr í eftirfarandi orðum Jesú: „Enginn getur komið til mín og orðið lærisveinn minn nema hann taki mig fram yfir föður og móður,

²⁸ Mt. 8.21a-22 (Lúk. 9.6): „Herra, leyf mér fyrst að fara og jarða föður minn. 22) Jesús svarar honum: Fylg þú mér en lát hina dauðu jarða sína dauðu; Matt. 10.37 (Lúk. 14.26): Sá sem ann föður eða móður meir en mér er mín ekki verður og sá sem ann syni eða dóttur meir en mér er mín ekki verður.“

²⁹ Svo sem hinna svonefndu Þerapevtai Fílon, *De Vita Contemplativa* 13-17.

³⁰ Matt 10.34-39, „Ætlið ekki að ég sé kominn að færa frið á jör. Ég kom ekki að færa frið heldur valda sundrunu. Ég er kominn að gera son andvígan föður sínum, dóttur móður sinni og tengdadóttur tengdamóður sinni. Og heimamenn manns verða óvinir mans. Sá sem ann föður eða móður meir en mér er mín ekki verður og sá sem ann syni eða dóttur meir en mér er mín ekki verður. Hver sem tekur ekki sinn kross og fylgir mér er mín ekki verður. Sá sem ætlar að finna líf sitt týnir því og sá sem týnir lífi sínu mín vegna finnur það.“

maka og börn, bræður og systur og enda sitt eigið líf. Hver sem ber ekki sinn kross og fylgir mér getur ekki verið lærisveinn minn“.³¹

Á sama tíma hvetur Jesús ekki til þess að menn hætti að ganga í hjónaband og afmarkar eins og við höfum séð skilnaðarsök við *porneia*.³² Ljóst er að Jesús bar fjölskylduvensl saman við auðæfi og taldi að hvorutveggja gætu gert menn annars hugar í stað þess að fylgja honum af einhug. Sum orða hans benda jafnvel til að lausn undan hjónabands- og kynlífsáhyggjum sé annaðhvort einkenni á guðsríkinu eða undirbúi manns undir þátttöku í því. Sem svar við spurningunni um það hvort ekki sé betra að ganga ekki í hjónaband í ljósi þeirra siðferðilegu og lagalegu kvaða sem fylgja skilnaði, svarar Jesús, að sumir geti mótttekið orð sín þar sem þeir hafi látið vana sig vegna himnaríkis (Matt. 19.10-12). Jafnvel enn dramatískari eru orð Jesú í Lúk. 20.34-36: „Börn þessarar aldar kvænast og giftast en þau sem þykja þess verð að rísa upp frá dauðum og lifa í komandi veröld, kvænast hvorki né giftast. Þau geta ekki heldur dáið fram, þau eru englum jöfn, þau eru risin frá dauðum og eru börn Guðs“ (Sbr. Matt. 22.30; Mark. 12.25). Jafnvel þótt þessi orð Jesú í umræðunni við Saddúkea um upprisuna birti hugsanlega róttæka endaheimsvæntingar urðu þau leiðbeinandi fyrir lífsstíl margra sem reyndu að raungera eða flýta komu guðsríkisins með kynferðislegum meinlætaliðnaði sínum.

Hjónaband eða skírlífi?³³

Ljóst er að skiptar skoðanir voru frá upphafi meðal hinna kristnu um hjónaband og skírlífi. Þetta má sjá t.d. af ritum Páls og fylgjenda hans. Í 1. Kor. 7 er Páll að bregðast við svári manna í Korintu sem þá þegar iðkuðu skírlífi og var umhugað um atriði varðandi hjónaband og skírlífi, réttindi hjóna og möguleika skilnaðar.

Svo er að sjá að Páll sé sammála þessum Korintumönnum um að *það sé betra fyrir mann að snerta ekki konu* en hann segir þó að vegna *porneia*, þ.e. vegna freistinga sem leiða til siðlausrar kynlífshegðunar, sé betra að kvænast. Hann segir

³¹ Lúk. 14.26-27. Sjá einnig Matt. 12.46-49; 19.16-30; Mark. 3.31-35; 10.17-31; Lúk. 8.19-21; 11.27-28; 18.18-30

³² Matt. 5.31-32. Sbr. Mark. 10.10-12; Lúk. 16.18.

³³ Teresa M. Shaw, “Sex and Sexual Renunciation,” í Philip F. Esler, ritstj., *The Early Christian World*, Vol. I (London & New York, ?), 401-421.

jafnframt að hjón eigi að halda áfram að stunda kynlíf nema samkvæmt samkomulagi um stuttan tíma vegna bænahalds. Annars geti skírlífi (innan hjónabands!) leitt til freistinga. Á sama hátt segir Páll að það sé gott fyrir þá sem eru ókvæntir að vera það áfram. En hafi þeir ekki stjórn á sjálfum sér ættu þeir að kvænast því *það er betra að kvænast en að brenna* (af girnd) (1. Kor. 7.8-9). Í ljósi *yfirstandandi þolraunar* og þess að *tíminn er stuttur* ættu þeir sem eru í hjónabandi ekki að skilja og hinir ókvæntu skyldu vera það áfram. Þótt Páll segi að þetta sé ekki fyrirskipun og að kvænast sé ekki synd, þá sé það skoðun hans að það sé betra að vera ókvæntur þar sem maður sé þá laus við hversdagslegar áhyggjur.

Þótt ýmsir hafi fært rök fyrir því að Páll leggi hér áherslu á gildi hjónabands og kynlífs þá ber að hafa í huga að hann segi að hjónaband og kynlíf sé vörn gegn kynferðislöngun þeirra sem skortir sjálfstjórn. Hvorki hér né annars staðar leggur Páll áherslu á mikilvægi æxlunar eða getnaðar. Kynferðislegir meinlætaliðarmenn litu oft á Pál sem fyrirmynd sína.³⁴

Þótt orð Jesú og Páls séu tvíræð eða birti jafnvel neikvæð viðhorf til hjónabands og kynlífs þá er annað uppi á teningnum í ritum úr skóla Páls. Þar er gildi hjónabandsins hampað svo og sérstöðu karlmansins. Gert er ráð fyrir að biskupar og djáknar séu kvæntir (1. Tím. 3.1-13). Stórfjölskyldan er kyrfilega skilgreind eftir guðlegu stigveldi með karlmanninn í forsæti; hjónabandið er guðlegur leyndardómur (Ef. 5.21-33; Kól. 3.18-4.1; Títus 2.1-10). Í skarpri andstöðu við Pál leggur höfundur 1. Tímóteusarbréfs áherslu á að þótt konur beri að einhverju leyti fordæmingu slægðar Evu geti þær „frelsast í gegnum barnsburð“ (1. Tím. 2.11-14) með því að sinna náttúrulegu hlutverki sínu! Ungar ekkjur ættu að giftast sem fyrst (1. Tím. 5.1-6). Þá varar höfundurinn við „lygurum“ sem munu koma inn í samfélagið og fordæma hjónabandið og leggja til að menn neyti ekki ákveðinna matartegunda. Þess í stað leggur höfundurinn áherslu á að allt sé skapað af Guði og því gott (1. Tím. 4.1-4). Hirðisbréfin birta átök um gildi hjónabands og hinnar efnislegu sköpunar.

Rökin þar um gildi hjónabandsins voru ekki staðbundin. Augljóslega héldu flestir kristnir menn áfram að kvænast og stofna fjölskyldur en jafn augljóst er að ýmsir hópar kristinna manna auðkenndu sjálfa sig í ljósi áherslu sinnar á höfnun

³⁴ Þetta má til dæmis sjá í ritum Markíons og Tatíans á 2. öld e. Kr. Sjá Arthur Vööbus, *Celibacy, a Requirement for Admission to Baptism in the Early Syrian Church* (Stockholm, 1951). Sbr. Klemens frá Alexandríu, *Strom.* III,81 og 105; og Postulasögur Páls, Péturs, Tómsar, Andresar og Jóhannesar.

lífsins lystisemda. Þessir hópar *enkratea* höfðu yfirleitt hjónabandinu (eða æxlunarhlutverkinu) svo og kjöt- og vínneyslu.³⁵ Ástæðan var hugmyndafræðilegs eðlis byggð á heimsendafræði og upprunagoðsögu sem tengdi kynlíf, æxlun og neyslu kjöts við syndafallið og dauðann; meinlætaliðnaður var leið til baka til Paradísar og til hinnar guðlegu stöðu (engla) við upphaf sköpunar. Guð skaparinn og hin efnislega sköpun sjálf var ekki talin slæm. Tvíhyggjan var heimsendafræðileg, ekki mannfræðileg.³⁶

Ein ástæða þess að hið *enkratíska* viðhorf var svo ögrandi var sú að það beindi athyglinni að atriðum sem allir kristnir menn voru hvattir til að taka mið af, það er sjálfstjórn og mikilvægi þess að helga sig algjörlega guðsríkinu fram yfir allar jarðneskar skuldbindingar. Finna mátti ritningarlega stoð fyrir þessum gildum³⁷ og þau voru uppistaðan í rökum trúvarnarmanna fyrir yfirburðum kristins siðferðis.³⁸ Hin meinta ógn kom ekki aðeins frá róttækri kristinni túlkun á *enkratea* heldur einnig frá gnóstum, Markíonítum og Maníkeum sem höfðu oft neikvætt viðhorf til hinnar efnislegu sköpunar.³⁹ Þeir kristnu höfundar sem gerðu tilraun til að útskýra kristna trú og líf í tengslum við kynlíf þurftu að hafa mikið fyrir því að halda fram gildi hjónabandsins og sköpunarinnar á sama tíma og þeir lofuðu kynferðislegan meinlætaliðnað. Þetta gerðu þeir með tilvísun til tveggja atriða sérstaklega, þ.e. með

³⁵ Peter Brown, *The Body and Society: Men, Women and Sexual Renunciation in Early Christianity* (Lectures on the History of Religions, no. 13. New York: Columbia University Press, 1988), 83-102; Sjá Sfameni Gasparro, Giulia, "Image of God and Sexual Differentiation in the Tradition of Enkratea. Protological Motivations", í Kari Elisabeth Borresen (ritstj.), *Image of God and Gender Models in Judaeo-Christian Tradition* (Oslo: Solum Forlag, 1991), 138-71; idem, "Asceticism and Anthropology: Enkratea and "Double Creation" in Early Christianity," í Wimbush, Vincent L. & Valantasis, Richard (ritstj.), *Asceticism* (New York: Oxford University Press, 1995), 127-46.

³⁶ Van Eijk, Ton H. C., "Marriage and Virginité, Death and Immortality," í Jacques Fontaine & Charles Kanne(ritstj.), *Epektasis: Mélanges patristiques offerts au Cardinal Jean Daniélou* (Paris: Beauchesne, 1972), 209-35. Sjá sér í lagi bls. 212-219. Dæmi um slíkan meinlætaliðnað má t.d. sjá í *Gjörðum Tómasar* og í *Gjörðum Páls og Þeklu* sem augljóslega tengja kynlífshreinleika við guðsríkið.

³⁷ T.d. Matt. 19.10-12; Lúk. 20.34-36; og 1. Kor. 7. Sjá Daniel Boyarin, "Body Politic Among the Brides of Christ: Paul and the Origins of Christian Sexual Renunciation," í Wimbush, Vincent L. & Valantasis, Richard (ritstj.), *Asceticism* (New York: Oxford University Press, 1995), 359-78.

³⁸ Jústínus píslarvottur, *Trúvörn* I.15 og 28.

³⁹ Brown *The Body and Society* (Columbia University Press, 1988), 87-121, 197-202; Van Eijk, "Marriage and Virginité, Death and Immortality," *Epektasis* (1972), 217-19.

retórískri aðgreiningu á hjónabandi og skírlífi sem hinu *góða* og hinu *betra*⁴⁰ og með stofnanavæðingu hins kristna meinlætamanns á fjórðu öld e.Kr.

Í upphafi 3. aldar e.Kr. setur Klemens frá Alexandríu fram ítarlega vörn fyrir hjónabandinu í andstöðu við enkratísk viðhorf og leggur áherslu á að menn hafi frelsi til að ákveða hvort þeir kvænist eða lifi skírlífi.⁴¹ Hjónabandið er að hans mati samvinna manns og sköpunar sem gefur tækifæri á þjónustu við aðra; eini tilgangur hjónabandsins er þó æxlun og það krefst eftir sem áður skírlífi og sjálfstjórn. Jákvæð orð Klemensar til hjónabandsins fá ekki mikinn enduróm á 3. og 4. öld þegar rit um meinlætaliðnað verða útbreidd. Það er eingöngu í ritum sem fjalla um skírlífi kvenna sem sjá má tilviljunarkennda viðurkenningu á gildi hjónabandsins; það er gott, skírlífi kvenna er þó betra. Útbreitt stef í þessum textum eru þær hættur og áhyggjur sem fylgja hjónabandinu. Orðalag hins góða og hins betra dregur fram sömu spennuna og finna má í textum Nýja testamentisins milli róttæks meinlætaliðnaðar fárra útvalinna og meirihluta kvæntra kristinna manna, sem og spurninguna um hina góðu sköpun og mikilvægi tímgunar. Áherslan á hið góða hjónaband sem sköpun Guðs virðist hafa verið nokkurs konar rétttrúnaðarlegt inntökupróf í hugmyndafræði meinlætaliðsins þótt margir kirkjuféðranna virðist varla hafa staðist prófið.⁴²

Umræðan um hlutverk kynlífs í tengslum við sköpunarguðfræðina og hugmyndir manna um upprunaástand mannsins var aldrei til lykta leidd meðal hinna kristnu, þótt hugmyndafræði skírlífisins hafi gefið kost bæði á upphafningu guðlegs hreinleika engla og staðfestingu á hinni efnislegu sköpun og guðlegri viðurkenningu á hjónabandinu. Þótt meinlætaliðarmenn hafi sennilega verið í miklum minnihluta á upphafsöldum okkar tímatala dásömuðu flestir áhrifamestu guðfræðingar Austur- og Vesturkirkjunnar kosti skírlífisins. Hjónabandið er gott en í reynd til komið af illri nauðsyn; skírlífi er betra, nær hinu upprunalega og eilífa guðlega ástandi sem er án allrar kyngreiningar.

⁴⁰ Shaw, "Sex and Sexual Renunciation," *The Early Christian World* (London & New York, ?), 415.

⁴¹ *Enkrateia* sé öflugt ídeal ekki aðeins í baráttunni við ástríðurnar heldur í þeirri viðleitni að slökkva þær alfarið sem þó er gjöf sem maður geti eingöngu öðlast fyrir náð Guðs (*Strom.* 3.57-58, 66-79).

⁴² Besta dæmið er sennilega Híerónímus (c. 342-420) sem lofaði hjónabandið vegna þess að það myndi hugsanlega geta af sér fleiri skírlífar meyjar! (Bréf 22.20). Áherslan á róttækan meinlætaliðnað í kynlífi og föstum leiddi til opinberrar og meinfýsinnar rökraðu hans við rómverskan munk, Jovíníanus að nafni. Híerónímus, *Adversus Jovinianum*; Shaw, *The Burden of the Flesh* (Fortress Press, 1998), 96-112, 234; Brown, *The Body and Society* (Columbia University Press, 1988), 366-386.

Innan þessarar orðræðuhefðar var fjallað um hjónabandið og ímynd og einkenni meinlætaliðnaðar innan kristinnar guðfræði. Viðhorf Gregoríusar frá Nyssa (c. 335-94)⁴³ í Austurkirkjunni og Ágústínusar kirkjuföður (354-430)⁴⁴ í Vesturkirkjunni eru dæmigerð fyrir þessa orðræðuhefð. Spenna líkamlegrar tilvistar er áberandi í ritum þeirra og annarra kristinna guðfræðinga sem fjölluðu um sköpun Guðs, paradís, synd, kynvitund og kynlíf. Mannleg fullkornun og spilling voru dæmigerð viðfangsefni í umræðunni um líkama karla og kvenna í menningu og samfélagi, um kynvitund og um eðli kyngervisins sjálfs. Hugleiðingar guðfræðinga á upphafsöldum kristni sýna að hjónabands- og kynlífsuræðan snertir kviku kristinna trúarhugmynda um eðli manns og hlutverk í hverfulum heimi brotakenndrar og viðkvæmrar tilvistar í ljósi kristinnar heimsmýndar um sköpunina og framvindu tímans.

Lokaorð

Burtséð frá viðtöku- og áhrifasögu orða Jesú í Matt. 19.3-15 á fyrstu öldum okkar tímatalis er ljóst að þar birtist róttæk gagnrýni á forréttindi karlmannna innan ríkjandi feðraveldis. Þá birtast hér jafnframt táknmyndir um *geldinga* og *börn* sem ögra ríkjandi gildum, sérstaklega þeim er tengjast fallískri forréttindastöðu karlmannna og *eilífri stöðu hjónabandsins*. Bæði geldingar og börn eru talin draga fram gildi nær upprunaástandi manna og nær lokamarkmiði lífs þeirra, hinu guðlega ástandi án allrar kyngreiningar í ríki Guðs sem er smám saman að verða að veruleika.

⁴³ Í huga Gregoríusar var skírlífi fyrsta skrefið á sjálfviljugri leið frá spillingu núverandi lífs til baka til endurgerðar lífs hinnar upphaflegu sköpunar án kyngreiningar og hjónabands, ástríðulaust líf hins eilífa ástands í ímynd Guðs. Þótt hjónabandið og æxlunin væru góðar gjafir hins umhyggjusama Guðs sem hafði það að markmiði sínu að viðhalda mannkyninu var loforðið um skírlífi ljóst við komu Krists. Æxlunin var ekki upphaf lífs heldur upphaf dauðans; skírlífi á hinn bóginn var upphafið af ódauðleikanum þar sem það stöðvaði eilíft orsakasamhengi eyðileggingar og dauða. Sjá *Um skírlífi* 14.1. Shaw, *The Burden of the Flesh* (Fortress Press, 1998), 187-96.

⁴⁴ Í hugleiðingum sínum í ljósi rökræðu Híerónímusar og Jóviníanusar og í ljósi eigin áherslu á frelsi viljans og fullkornun lofaði Ágústínus hjónabandið sem helgað samband karls og konu þótt hann viðurkenndi að skírlífi væri æðra. Hin upphaflega sköpun samanstóð af karli og konu sem stunduðu ástríðulaust kynlíf án kvaða. Eftir syndafallið glötuðu mennirnir hinum frjálsa vilja og kynlíf varð hlaðið ástríðufullri og syndugri löngun. Syndin sem hneigð/löngun erfðist. Ágústínus fordæmdi þó ekki getnað og æxlun heldur rökræddi sem svo að hinum giftu yrði fyrirgefin sú ástríðufulla synd sem tengist óhjákvæmilega réttmætum kynmökum hjóna. Sjá Elizabeth Clark, *St. Augustine on Marriage and Sexuality* (Washington, DC: Catholic University of America Press, 1996).

Hvort áhrifasaga Matt. 19.3-15 á upphafsöldum kristni geti nýst í nútíma umræðu um hjónabandið og stöðu samkynhneigðra veit ég ekki, en ljóst er að hér má greina upphaf umræðu innan kristinna trúarhefða um gildi hjónabandsins og skírlífisins sem varð áberandi á upphafsöldum okkar tímatafs. Ef draga má einhvern lærdóm af henni ætti hún í það minnsta að gefa okkur tilefni til að íhuga þá fjölbreytni sem fyrir hendi var frá upphafi í lífsstíl hinna fyrstu kristnu manna og kvenna er byggðu hugmyndir sínar á ólíkum orðum Jesú; hugsanlega fær sú mynd okkur til að tempra þær fullyrðingar sem lýsa hjónabandinu sem ævarandi guðlegri stofnun sem geri ekki ráð fyrir neinum frávikum.